

Nd.

236. Framvarp

til laga um breyting á lögum um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík, nr. 15, 22. okt. 1912.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Í Reykjavík skal vera ljósmæðraskóli.

2. gr.

Fyrir »6 mánuðir« í 2. gr. komi: 9 mánuðir.

3. gr.

Fyrri málsgrein 3. gr. laganna orðist svo:

Landlæknir er samkvæmt embættisstöðu sinni kennari skólans.

4. gr.

Í 3. og 7. gr. laganna, sem verða 4. og 10. gr., komi: ljósmóðir í stað »yfirsetukona«.

5. gr.

Attan við 4. gr., sem verður 5. gr., bætist:

Þær námskonur einar fá styrkinn, sem skuldbinda sig til að takast á hendur að þjóna ljósmóðurumdæmi að afloknu prófi og gegna því ekki skemur en 3 ár samfleytt, nema sjerstök forföll banni, en endurgreiða styrkinn að fullu að öðrum kosti.

6. gr.

Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, er verði 6. og 7. gr., svo hljóðandi:

a)

6. gr.

Inntaka í ljósmæðraskólann skal bundin þessum skilyrðum:

1. Innsækjandi sýni skirnarvottorð, bóluvottorð og heilbrigðisvottorð, siðferðisvottorð frá sóknarpresti og vottorð um að hafa lokið fullnaðarprófi barna.
2. Innsækjandi skal sýna skilríki frá hreppsnefnd og sýslumanni um það, að henni sje ætlað ákveðið ljósmóðurumdæmi að loknu prófi.
3. Innsækjandi sje ekki yngri en 22 ára og ekki eldri en 35 ára. Þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá aldurstakmarki, ef ástæða þykir.

b)

7. gr.

Tala námskvemma skal að jafnaði ekki vera hærri en 10–12.

7. gr.

5., 6. og 7. gr. verði 8., 9. og 10. gr.

8. gr.

8. gr. laganna, sem verður 11. gr., orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

9. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 15, 22. okt. 1912, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um ljósmæðraskóla í Reykjavík.